

Stjórnarfundur ÍTF 28. mars 2025

Mættir fulltrúar: Heimir, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Styrmir. Sveinn Gíslason stjórnarmaður KSÍ gestur.

Fjarrverandi: Heimir og Samúel

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:00 í höfuðstöðvum KSÍr

Fyrir var tekið:

1. Skattamál

- a. Sveinn Gísli fór yfir stöðu mála. Það er ljóst að ÍTF tók forustu í málinu þegar fréttist að það væri verið að skoða þessi mál hjá ríkisskattsjóra. Nú nýverið tók ný ríkisstjórn við og óskaði eftir sameinuðu áliti íþróttahreyfingarinnar. Haldin var fundur með ráðuneytinu og ríkisskattstjóra og var hann vel sóttur og tókst fundurinn vel. Á fundinum voru: Fjármála- og efnahagsráðherra Daði Már og sérfræðingar úr FJR, Sveinn Gíslason (KSÍ), Lárus Blöndu og Kári Steinn Reynisson (ÍSÍ), Einar Hannesson (KKÍ), Jónas Gestu Jónasson og Haraldur Birgisson (Deloitte). Þar voru þessi fjögur atriði helst ræddi: Launþegi vs verktaki, ábyrgðir aðalstjórna, hlunnindi og VSK umhverfi íþróttahreyfingarinnar. Ákveðið var að skipa starfshóp með fulltrúm RSK og FJR ásamt fulltrúum íþróttahreyfingarinnar. Fulltrúi knattspyrnuhreyfingarinnar er Sveinn Gísli og mun hann funda reglulega með ÍTF og upplýsa um framgang mála. Ákveðið að senda út leiðbeiningar eða umræðupunkta til íþróttahreyfingarinnar.

2. Besta deildin

- a. Birgir fór yfir komandi dagskrá fyrir Bestu deild karla sem hefst 5. Apríl næstkomandi. Hinn árlegi kynningarfundur BD karla verður haldinn 2. Apríl hjá Deloitte. Í ár verða stórar sjónvarpsútsendingar hjá öllum félögum utan af landi en það hefur ekki verið þannig áður.
- b. ÍTF hefur verið í samtali við KSÍ og SÝN að fjölga leikjum á föstudögum og laugardögum í byrjun móts. Erfitt getur verið að færa til leiki hjá félögum sem fara áfram í bikarkeppni og eru í evrópumótum.
- c. Stefnt verður að því á völdum leikjum að taka viðtöl við þjálfara strax eftir leik með litlum skjám þar sem þeir fá að sjá vafaatriði og tjá sig um það.
- d. Myndatökur leikmanna hafa ekki gengið nógu vel. Breytingar voru gerðar í ár þar sem félögin ákváðu stað og stund og ljósmyndarinn mætti til félagsins. Það hefur samt ekki skilað betri útkomu en skipulagðar verða aukamyndatökur með þeim leikmönnum sem bætast í leikmannahópina. Mörg félög ekki með búningana sína klára og geta því ekki farið í myndatöku.
- e. Ekki náðist að finna samstarfsaðila fyrir leikmannaspjöldin sem vöktu mikla lukku á síðasta tímabili. Vonandi næst að fá aðila fyrir 2026 tímabilið.

3. Lengjudeildin

- a. Framleiðslumálin eru komin á hreint. Spiideo vélar verða á öllum völlum í deildinni en OZ mun sjá um framleiðslu á 3 völlum. Spiideo vélarnar bjóða upp á low latency straum og verður því hægt að senda það merki beint til Genius Sports. OZ mun framleiða leikina hjá HK, Selfossi og Þrótti.
- b. Stefnt er að því að framleiða alla leiki í Lengjudeild kvenna þar sem Spiideo vélar eru.
- c. Livey hefur lýst yfir áhuga á því að kaupa sýningarréttinn að Lengjudeildinni í ár. Stefnt að því að halda kynningarfund um miðjan apríl með félögum í Lengjudeild til að kynna tilboð Livey og aðrar áherslubreytingar.

4. Aðstöðumál ÍTF

- a. ÍTF og KSÍ funduðu á dögunum og fóru fyrir aðstöðumálin. Lagt er upp með að ÍTF fái sér aðstöðu með sér inngangi inn af skrifstofurýmum KSÍ. Vilji beggja aðila að gera þetta vel.
- b. Aðstaðan verður merkt ÍTF og stefnt að því að flytja fyrir sumarfrí.

5. KSÍ málefni

- a. Heimir fór yfir fréttir af málefnum KSÍ. Mikið rætt um tillöguna „Flutningur afreksleikmanna“. Ljóst að þetta þarf að fara fyrir næsta ársþing og verða lagt þar til samþykktar.
- b. Umræður voru um tillögu sem lögð var fyrir ársþing 2023 um stofnun „varaliða í deildarkeppnum 2023. Birgir fór yfir þá tillögu og atburðarrás. Þetta var samþykkt á sínum tíma og var hugsað sem tilraunaverkefni. Félög úr Bestu deild karla og Lengjudeild karla gætu sent lið til keppni. KSÍ raðaði leikjum niður en félögin sjá um aðstoðardómara. Félögin greiða fyrir ferðakostnað og upphald dómara og skiptist kostnaðurinn jafnt á milli allra félaga. Lagt var upp með að hafa góða umgjörð leikja og mátti hafa 7 leikmenn eldri en 21 árs á skýrslu.
 - i. Kynnt ítarlega á sínum tíma en á endanum sendu svo fá félög lið til keppni að ákveðið var að blása hana af. Hægt að endurskoða fyrir næstkomandi keppnistímabil.

6. Fundir með félögum

- a. Fundir með félögum í Lengjudeild karla fyrirhugaðir í apríl og maí.
- b. Vinnufundur með aðildarfélögum ÍTF 11. mars. Fundarefnið er Markaðsmál en á fundinn kemur markaðsstjóri IK Sirius frá Svíþjóð, farið verður yfir helstu niðurstöður Gallup könnunar ÍTF, kynning frá Stubbi varðandi gögn í kringum kaup og sölu, og að lokum mun Agnar frá Birtingarhúsinu sýna frá verkefni sem þeir unnu fyrir Kviku og FH varðandi virði birtinga félaga.

7. Önnur mál

- a. Veðmálafræðsla í samstarfi við KSÍ og Leikmannasamtökin. ÍTF mun senda út fræðsluefni til allra leikmanna í Bestu deild og Lengjudeild karla. Sif Atladóttir framvæmdastjóri LSÍ mun heimsækja félögin og fara yfir atriði tengt heilindum leiksins.
- b. Birgir upplýsti stjórn að búið er að semja við Wyscout út núverandi keppnistímabil.
- c. Eyeball greiningarfyrirtæki kemur til landsins 8.apríl og mun funda með félögum með það að markmiði að semja við félögin og útvega „event data“ fyrir yngri flokka.
- d. Ákveðið að bjóða samstarfsaðilum Bestu deildar á opnunarleik Bestu deildarinnar þann 5. apríl.
- e. Búið er að semja við Spiideo fyrir Lengjudeild og munu myndavélar koma til landsins í byrjun apríl. Félög í Lengjudeild munu því öll vera komin með myndavélar frá Spiideo.
- f. Óformlegt samtal er í gangi á milli ÍTF og Genius Sports. Vonandi munu þau mál skýrast á komandi vikum. Núverandi samningur gildir út 2026 keppnistímabilið.

8. Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:45